

31

16. marz

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við 29. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík frá 7. janúar 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

Við 29. gr. bætist:

„Heimilt er blindum mönnum að auðkenna sig með gulum borða með þremur svörtum deplum; bera þeir hann um hægri handlegg fyrir ofan olnboga.

Blindur maður réttir fram hægri handlegg er hann æskir hjálpar vegfarenda, og er þeim þá skylt að veita honum hjálp.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.“

Viðauki þessi öðlast gildi 15. apríl 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.